

# Ársskýrsla

## Félags forstöðumanna ríkisstofnana

### 2023-2024



#### Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2023-2024

Efri röð frá vinstri: Arnór Snæbjörnsson, Elfa Ýr Gylfadóttir, Eydís Líndal Finnbogadóttir og Helga Þórisdóttir.

Neðri röð frá vinstri: Ingileif Oddsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Sigríður Kristinsdóttir.

## Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2023 til og með apríl 2024. Nánari upplýsingar um starfsemina er einnig að finna á vefsíðu félagsins ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) og í fundargerðum stjórnarfunda. Fjöldi félagsmanna er nú 131 talsins, 54 karlar og 77 konur.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

- 1) Aðalfundur 17. maí 2023
- 2) Störf stjórnar starfsárið 2023-2024
  - a) Áherslumál stjórnar starfsárið 2023-2024
  - b) Samráðsfundir FFR og KMR
  - c) Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi og Noregi, Danmörku og Svíþjóð
  - d) Fordæmisgefandi dómur fyrir forstöðumenn ríkisstofnana
  - e) Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um málefni forstöðumanna
  - f) Endurmat á grunnmati starfa
  - g) Óstaðbundin störf
  - h) Endurskoðun starfsreglna stjórnar
  - i) Fjölmiðlanámskeið
  - j) Önnur verkefni
- 3) Félagsstarfið
  - a) Heimsóknir til stofnana
  - b) Félags- og fræðslufundir
  - c) Samstarf FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ
- 4) Skrifstofa félagsins og vefsíða
- 5) Lokaorð

## 1. Aðalfundur 17. maí 2023

Þann 17. maí 2023 hélt FFR aðalfund sinn á Hilton í Reykjavík auk þess sem honum var streymt.

Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, var kosin formaður félagsins. Í stjórn voru jafnframt kosin til tveggja ára þau Arnór Snæbjörnsson, forstöðumaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Ingibjörg Jóhannsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands og Sigríður Kristinsdóttir, sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var Elfa Ýr Gylfadóttir, framkvæmdastjóri Fjölmíðlanefndar, kjörin í stjórnina til eins árs. Þá sátu þær Eydís Líndal Finnbogadóttir, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands og Ingileif Oddsdóttir, skólameistari Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra, áfram í stjórninni áfram í stjórninni í samræmi við 6. gr. laga félagsins.

Á aðalfundinum voru þau Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtskóla, Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaðurinn á Suðurnesjum og Salvör Nordal, umboðsmaður barna, kjörin í kjörnefnd félagsins.

Á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar þann 22. júní 2023 skiptu meðstjórnendur með sér verkum þar sem samþykkt var að Sigríður yrði varaformaður, Ingibjörg gjaldkeri og Arnór ritari.

## **2. Störf stjórnar starfsárið 2023-2024**

Stjórn fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í júlí og ágúst 2023. Stjórn hélt alls tíu formlega stjórnarfundum á starfsárinu og má finna fundargerðir á vefsíðu félagsins. Flestir fundanna, eða átta talsins, fóru fram bæði á teams og á skrifstofu félagsins, einn einungis á teams og einn einungis á skrifstofunni. Þá var fyrsti fundur ársins 2024 haldinn á skrifstofu Persónuverndar, Rauðarárstíg 10 í Reykjavík.

Helga, Sigríður, Ingileif og Anna, framkvæmdastjóri félagsins sátu jafnframt mánaðarlega samráðsfundi með fulltrúum kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR).

Í byrjun aprílmánaðar ákvað Helga Þórisdóttir, formaður stjórnarinnar, að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands og óskaði því eftir leyfi frá formannsstörfum þar til niðurstaða um kjörið liggur fyrir, en gengið verður til

kosninga 1. júní næstkomandi. Sigríður Kristinsdóttir, varaformaður stjórnarinnar er því starfandi formaður og Arnór Snæbjörnsson hefur mætt á samráðsfundi KMR á meðan.

Hér á eftir verður helstu verkefnum stjórnar lýst stuttlega.

- a) **Áherslumál stjórnar starfsárið 2023-2024.** Stjórn FFR fjallaði um áherslumál fyrir starfsárið á allnokkrum fundum á liðnu hausti og má finna yfirlit yfir þau á vefsíðu félagsins. Sem fyrr taka þau mið af tilgangi félagsins samkvæmt lögum þess og varða félagsstarfið og fræðslufundi, starfsumhverfi og kjaramál, ásamt stuðningi við forstöðumenn, svo fátt eitt sé nefnt. Af ýmsu er að taka en nefna má áherslu á fræðslufundi um málefni líðandi stundar, að gerður verði samanburður/úttekt á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi, Noregi, Danmörku og Svíþjóð og að tryggð verði aðkoma forstöðumanna að vinnu við breytingar á stofnanakerfi ríkisins.
- b) **Endurskoðun starfsreglna stjórnar.** Í starfsreglum stjórnar sem samþykktar voru á stjórnarfundi 2. nóvember 2021 segir að þær skuli endurskoðaðar á stjórnarfundi eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Stjórnin ákvað því síðastliðið haust að yfirfara reglurnar. Endurskoðaðar starfsreglur voru síðan samþykktar á stjórnarfundi 6. maí síðastliðinn og hafa þær verið kynntar fyrir félagsmönnum og birtar á vefsíðunni. Engar efnislegar breytingar voru gerðar á reglunum aðrar en þær að styrkfjárhæðir voru hækkaðar í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá því nóvember 2021 til dagsins í dag.
- c) **Samráðsfundir FFR og KMR.** Mánaðarlegir samráðsfundir FFR og KMR eru að jafnaði haldnir í kjölfar stjórnarfunda. Á þessum fundum gefst kjörið tækifæri til þess að skiptast á skoðunum og upplýsingum og koma á framfæri hverju því sem komið getur að gagni til að styrkja og skýra stöðu forstöðumanna. Afar margt hefur borið á góma á liðnu starfsári og má þar t.d. nefna umræður um réttarstöðu forstöðumanna þegar stofnanir eru lagðar niður og þar með embætti forstöðumanna þeirra sömu

stofnana. Stjórn FFR leggur á það áherslu að höfð sé hliðsjón af Stjórnendastefnu ríkisins þegar slíkar breytingar eiga sér stað auk þess sem samráð sé haft við forstöðumenn í ferlinu öllu.

- d) Fordæmisgefandi dómur fyrir forstöðumenn ríkisstofnana.** Þann 2. nóvember síðastliðinn var í Héraðsdómi Reykjavíkur kveðinn upp forðæmisgefandi dómur fyrir alla forstöðumenn ríkisstofnana (mál nr. E-3006/2022). Með dóminum er viðurkenndur réttur forstöðumanna til rökstuðnings fjármála- og efnahagsráðherra fyrir ákvörðun um starfskjör þeirra og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða. Dómurinn er þar með í samræmi við álit setts umboðsmanns Alþingis í málum nr. 10343/2019 og 10475/2020. Fjármála- og efnahagsráðuneytið undi hins vegar ekki þeirri niðurstöðu umboðsmanns.

Stjórn FFR fagnar þessari niðurstöðu sem ætla má að bæta muni réttarstöðu forstöðumanna, en dómurinn er til þess fallinn að eyða óvissu um eðli launaákvæðana þeirra. Að mati FFR tekur dómurinn af allan vafa um að ákvarðanir fjármála- og efnahagsráðherra um laun forstöðumanna teljist til stjórnvaldsákvæðana og ber ráðherra því að fylgja stjórnarsýslulögum við meðferð þeirra mála. Sá forstöðumaður sem gegnir starfinu hverju sinni telst því ótvírætt aðili máls þegar ákvörðun um laun hans er tekin og nýtur þar með þeirra réttinda sem stjórnarsýslulög kveða á um, svo sem um rétt til aðgangs að gögnum, til andmæla og rökstuðnings fyrir ákvörðun.

Skemmst er frá því að segja að þrátt fyrir þessa skýru niðurstöðu dómsins virðist sem afstaða fjármála- og efnahagsráðuneytisins hafi ekki breyst því fjármálaráðherra ákvað að áfrýja málinu til Landsréttar. Ekki liggur fyrir hvenær niðurstöðu er að vænta.

- e) Samanburður á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi og Noregi, Danmörku og Svíþjóð.** Stjórn FFR fól Trausta Fannari Valssyni, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands, að gera samanburð á laga- og starfsumhverfi forstöðumanna á Íslandi annars vegar og í Noregi,

Danmörku og Svíþjóð hins vegar. Stjórnin telur mikilvægt að fá þessa samantekt til þess að félagið verði betur í stakk búið að taka þátt í samtali við stjórnvöld um starfsumhverfi forstöðumanna, framþróun kerfisins og mögulegar breytingar á því. Skýrslan er í vinnslu og verður kynnt fyrir félagsmönnum þegar hún liggur fyrir.

- f) Starfshópur fjármála- og efnahagsráðherra um málefni forstöðumanna.** Í lok árs 2023 skipaði fjármála- og efnahagsráðherra starfshóp sem m.a. er falið það verkefni að leggja mat á gildandi fyrirkomulag á ákvörðun launa forstöðumanna með tilliti til mögulegra breytinga á því og þá hvernig því verði vel fyrir komið og að það verði í traustu horfi til framtíðar. Stjórn FFR hefur óskað eftir að starfshópurinn hafi samráð við félagið og félagsmenn og hefur komið skýrum skilaboðum þess efnis til KMR sem mun verða starfshópnum innan handar. Starfshópurinn hefur ekki enn hafið störf.
- g) Endurmat á grunnmati starfa forstöðumanna.** Boðuðu endurmati á grunnmati starfa forstöðumanna er ekki lokið. Margt hefur haft áhrif þar á, svo sem það álitamál hvers eðlis launaákvæðanir forstöðumanna eru, þ.e. hvort þær teljist til stjórnvaldsákvæðana eða stjórnvaldsfyrirmæla. Nú þegar dómur liggur fyrir um það álitafni (sjá lið d hér að framan) hefur ráðuneytið, þrátt fyrir áfrýjun málsins til Landsréttar, unnið að því að skýra verkferla og vinnulag við ákvörðun og endurmat á grunnmatinu og leitað sjónarmiða félagsins í því sambandi. Má því gera ráð fyrir því að einhver skriður færist á þessi mál innan tíðar.
- h) Óstaðbundin störf.** Framkvæmdahópur á vegum ríkisstjórnarinnar um óstaðbundin störf óskaði eftir að funda með stjórninni og komu fulltrúar hópsins á stjórnarfund þann 6. nóvember síðastliðinn og kynntu verkefnið. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið sú að fjölga óstaðbundnum störfum þannig að búseta hafi ekki áhrif á val á starfsfólki. Þannig verði öll störf verði í grunninn óstaðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.

Framkvæmdahópurinn metur það svo að forstöðumenn séu mikilvægur samstarfsaðili í þessu verkefni og óskaði eftir umsögn og sjónarmiðum félagsins um fyrirhugaða könnun meðal stofnana og ráðuneyta um fjölda staðbundinna starfa og einnig um drög að leiðbeiningum fyrir stjórnendur um framkvæmdina.

Í umögn stjórnarinnar til verkefnahópsins segir m.a. að nauðsynlegt sé að stjórnvöld tryggi fjármögnun verkefnisins þar sem óstaðbundin störf muni óhjákvæmilega leiða til aukins kostnaðar í rekstri stofnana og því mikilvægt að gert sé ráð fyrir því við gerð fjárhags- og rekstraráætlana. Þá er bent á að í skýrslu starfshóps fjármálaráðuneytis um störf án staðsetningar sem kom út í ágúst 2021 hafi fjölmargar tillögur verið lagðar fram og spyr stjórn FFR hvort tillögum starfshópsins hafi verið framfylgt, t.d. tillögu um að KMR vinni, í samráði við ráðuneyti og Byggðastofnun, viðmið um kostnaðarpátttöku stofnana vegna starfa án staðsetningar. Einnig er bent á tillögu í skýrslunni þar sem mælt er til þess að ráðuneytin fylgi eftir áherslu um störf án staðsetningar með stuðningi til stofnana og nefnt að tækifæri séu til þess t.d. í fjárveitingabréfi sem sent er stofnunum árlega, sem og í tengslum við samþykkt á þriggja ára áætlun stofnana. Mat stjórnarinnar er að báðir þessir þættir, stuðningur og fjármögnun, séu nauðsynleg forsenda fyrir framgöngu verkefnisins um óstaðbundin störf.

Stefnt er að því að halda fund með félagsmönnum FFR með haustinu til þess að kynna betur og ræða verkefnið um óstaðbundin störf.

- i) **Fjölmiðlanámskeið.** Félagsmönnum bauðst að taka þátt í dagslönгу námskeiði í fjölmiðla- og framkomuþjálfun hjá *Góðum samskiptum* í apríl síðastliðnum. Námskeiðið sem er styrkhæft hjá starfsmenntunarsjóði embættismanna samanstendur af fræðslu um fjölmiðlasamskipti og krísustjórnun og stúdíóæfingum fyrir framan myndavél.
- j) **Önnur verkefni.** Í október síðastliðnum sat formaður stjórnar fund með starfshópi sem forsætisráðherra setti á fót á fyrri hluta síðasta árs til að

greina þróun embættismannakerfisins hér á landi í samanburði við nágrennalöndin. Skemmst er frá því að segja að í vinnu hópsins var ekki ráðgert að skoða forstöðumenn sérstaklega (þrátt fyrir að þeir séu allir embættismenn), en eftir fundinn hefði mátt gera ráð fyrir að breyting yrði á því og að leitað yrði eftir sjónarmiðum forstöðumanna. Ráðgerðir voru fleiri fundir með starfshópnum sem ekki varð úr og því liggur hvorki fyrir hvort forstöðumenn séu hluti af vinnu starfshópsins né hver staðan er á vinnu hópsins eða hvenær hann lýkur störfum.

Félaginu berast reglulega erindi úr samráðsgátt stjórnvalda og frá nefndasviði Alþingis þar sem gefinn er kostur á að leggja fram umsögn um tiltekin mál. Stjórnin metur í hverju tilfalli hvort tilefni sé til þess að senda umsögn og var ekki talið tilefni til þess á liðnu starfsári.

Þessu til viðbótar berast skrifstofunni fjölmörg erindi og fyrirpurnir frá félagsmönnum, símleiðis og í tölvupósti, þar sem leitað er ráðlegginga, leiðbeininga og/eða aðstoðar vegna hagsmunamála af ýmsu tagi. Erindi þessi varða kjaramál, viðbótarlaun, endurmenntun, námsleyfi, aðdraganda starfsloka, samskipti við ráðuneyti, veikindarétt, orlofsrétt, lífeyrisréttindi, rétt til styrkja o.fl. Fyrrverandi félagsmenn leita jafnframt til félagsins sem aðstoðar þá eftir föngum og einkum ef málin varða almenn hagsmunamál sem skipta félagsmenn máli. Þá hefur félagið hefur einnig átt samskipti við félagsmenn vegna mála er lúta að reynslu þeirra af störfum innan ramma laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 sem og mál er varða ímynd ríkisstofnana og ríkisstarfsmanna.

### 3. Félagsstarfið

Einn megintilgangur FFR er að stuðla að fræðslustarfi meðal félagsmanna, efla og auka kynni og samskipti milli félagsmanna, ásamt því að stuðla að kynningu félagsmanna á stofnunum hvers annars.

Innan stjórnarinnar fóru fram umræður um félagsstarfið og hvernig best megi hvetja félagsmenn til þátttöku. Við skipulagningu starfsársins var leitast við að hafa fjölbreytt form funda, ýmist staðfundi eða veffundi og efni fundanna var



af ýmsum toga. Stjórnin telur mikilvægt að félagsmenn hafi tækifæri til þess að hittast reglulega á staðfundum svo efla megi tengslin og auka samstöðu meðal félagsmanna. Því er mikilvægt að hvetja félagsmenn til þess að mæta á viðburði á vegum félagsins.

Á liðnu starfsári var farið í eina heimsókn til stofnunar, haldnir voru sex félags- og fræðslufundir á vegum félagsins og tveir morgunverðarfundir í samstarfi FFR og Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála við HÍ. Skemmtilegt er að geta þess að haldinn var jólafundur í desember síðstliðnum eftir nokkuð langt hlé vegna Covid faraldurs.

**3.1. Heimsóknir til stofnana.** Skipulögð var ein heimsókn til stofnunar á liðnum vetri. Auk þess að fræðast um starfsemi annarra stofnana eru slíkar heimsóknir kjörinn vettvangur til þess að hitta aðra forstöðumenn, kynnast og efla tengslanetið. Er því ástæða til þess að hvetja félagsmenn til þess að fjölmenna í þessar heimsóknir í framtíðinni.

**a) Heimsókn til Kvikmyndasafns Íslands.** Forstöðumaður Kvikmyndasafns Íslands, Þóra Sigríður Ingólfssdóttir, bauð félagsmönnum í heimsókn þriðjudaginn 10. október síðastliðinn. Í heimsókninni gafst félagsmönnum tækifæri til þess að fræðast um starfsemi safnsins sem hefur verið í miklu uppbyggingarferli á undanförunum árum. Félagsmönnum gafst jafnframt tækifæri til þess að skoða stórt safn kvikmyndagerðar- og sýningavéla allt frá upphafi kvikmyndagerðar á Íslandi og fræðast um rannsóknir og sjá myndskreið sem ekki hafa sést áður. Að endingu var boðið upp á glæsilegar veitingar með tilheyrandi spjalli. Stjórn færir Þóru Sigríði bestu þakkir fyrir glæsilegar móttökur.

**3.2. Félags- og fræðslufundir.** Boðað var til sex félags- og fræðslufunda á starfsárinu. Umfjöllunarefnin voru af margvíslegum toga og voru fundirnir ýmist staðfundir eða teams fundir.

**a) Vinnustofa um erfið starfsmannamál.** Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hófust þann 17. maí á síðasta ári flutti Guðrún Jóhanna

Guðmundsdóttir, mannauðs- og stjórnendaráðgjafi, erindi um erfið starfsmannamál frá sjónarhorni mannauðsstjórnunar. Að erindinu loknu fóru fram umræður á borðum þar sem rædd var reynslan af erfiðum starfsmannamálum sem gengið hefðu vel og/eða illa, hvaða afleiðingar þau mál hefðu haft fyrir stjórnandann og vinnustaðinn og hvort hægt hefði verið að gera hlutina öðruvísi. Fulltrúi frá hverju borði steig því næst í pontu og gerði stuttlega grein fyrir umræðum borðsins. Afar gagnleg og þörf umræða.

- b) Morgunfundur um aðalhaldaðgerðir á launalið.** Síðastliðið haust boðuðu stjórnvöld umfangsmiklar aðhaldaðgerðir í ríkisfjármálaum, þ.m.t. á launalið. Af því tilefni var boðað til morgunfundar á Nauthóli Bistro þann 11. október síðastliðinn til að ræða sérstaklega þann þátt. Á fundinum rakti Sara Lind Guðbergsdóttir, settur forstjóri Ríkiskaupa, ferlið sem stuðst var við hjá Ríkiskaupum, undirbúningi jafnt sem eftirfylgni, auk þess sem hún deildi sinni persónulegu reynslu af slíkum aðgerðum. Fundurinn var mjög vel sóttur og umræður gagnlegar.
- c) Félagsfundur um tjáningarfrelsi forstöðumanna og réttarstöðu þeirra þegar faglegt mat forstöðumanns rekst á við pólitískar áherslur ráðherra.** Boðað var til félagsfundar á teams fimmtudaginn 9. nóvember síðastliðinn. Á fundinum fjallaði Flóki Ásgeirsson, lögmaður, um álitafni um faglegt stjálfstæði forstöðumanna ríkisstofnana og svigrúm þeirra til að tjá sig opinberlega um málefni þeirrar stofnunar sem hann stýrir. Fjöldmennir var á fundinum og afar fróðlegur. Fundurinn var tekinn upp og sendur til félagsmanna í kjölfarið.
- d) Jólafundur FFR.** Jólafundur félagsins var haldinn í hádeginu föstudaginn 8. desember síðastliðinn á Hilton Reykjavík Nordica. Hallfríður Helga Arnórsdóttir, þátttakandi í Jólástjörnunni 2023, söng jólalag fyrir fundargesti og Eva Björg Ægisdóttir, rithöfundur, las úr nýjustu skáldsögu sinni *Heim fyrir myrkur*, sem er jafnframt sú fyrsta í nýjum þríleik. Hátíðlegur og vel heppnaður fundur en fremur fámennur.

- e) **Morgunfundur um opinberar stofnanir og gervigreind. Hvar liggja áskoranirnar?** Gervigreind hefur talsvert verið í umræðunni í samfélaginu og ljóst að hagnýtingu hennar fylgja fjölmörg tækifæri en ekki síður áskoranir af ýmsum toga. Boðað var til morgunfundar um málefnið þriðjudaginn 27. febrúar síðastliðinn í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu í Reykjavík. Á fundinum var sjónum beint að áskorunum gervigreindar frá sjónarhorni tækni, lögfræði og siðfræði. Fyrirlesarar voru þau Theódór R. Gíslason, sérfræðingur í upplýsingaöryggi hjá Syndis, Inga Amal Hasan, lögfræðingur hjá Persónuvernd og Páll Rafnar Þorsteinsson, heimspekingur og verkefnastjóri hjá Siðfræðistofnun HÍ. Fundarstjóri var Helga Þórisdóttir, formaður stjórnar FFR og forstjóri Persónuverndar. Mjög áhugaverður og gagnlegur fundur. Fundurinn var tekinn upp og sendur til félagsmanna í kjölfarið.
- f) **Fræðslufundur um ábyrgð forstöðumanna í opinberri skjalavörslu.** Boðað var til fræðslufundar á teams miðvikudaginn 13. mars síðastliðinn um ábyrgð forstöðumanna í opinberri skjalavörslu. Á fundinum fjölluðu þeir Heiðar Lind Karlsson, fagstjóri gagnaskila og eftirlits hjá Þjóðskjalasafni Íslands og Árni Jóhannsson, skjalavörður hjá Þjóðskjalasafni Íslands, um ábyrgð og skyldur forstöðumanna afhendingarskyldra aðila í opinberri skjalavörslu ríkisins út frá lögum um opinber skjalasöfn. Fjallað var um helstu þætti ábyrgðarinnar þegar kemur m.a. að afhendingarskyldu, skráningu mála og málgagna ásamt varðveislu gagna. Jafnframt var komið inn á viðfangsefni á borð við rafræn skil, grisjun, afhendingu og leiðbeinandi eftirlit Þjóðskjalasafns Íslands með skjalavörslu og skjalastjórn hins opinbera. Fundurinn sem tekinn var upp, var mjög fróðlegur og afar vel sóttur.
- 3.3. **Samstarf FFR við Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála við HÍ.** Framhald var á samstarfi FFR og Stofnunar stjórnarsýslufræða og stjórn mála og voru tveir morgunverðarfundir haldnir á Grand Hótel í Reykjavík á liðnum vetri.

- a) **Morgunverðarfundur um öryggismál stofnana og viðbrögð við ógnunum í garð starfsfólks.** Þann 16. nóvember síðastliðinn var haldinn morgunverðarfundur um öryggismál stofnana og viðbrögð við ógnunum í garð starfsfólks. Helga Þórisdóttir formaður FFR opnaði fundinn og erindi fundarins voru tvö. Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við HÍ, fjallaði um þróun netglæpa á Íslandi og Runólfur Þórhallsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í greiningardeild Ríkislögreglustjóra, um hótanir og viðbrögð við þeim. Fundurinn var vel sóttur og greinilega þörf á frekari fræðslu um efnið.
- b) **Morgunverðarfundur um grænar áherslur í ríkisrekstri.** Þann 17. apríl síðastliðinn var haldinn morgunverðarfundur um grænar áherslur í ríkisrekstri. Á fundinum fjölluðu þær Sigrún Ágústsdóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar og Þorbjörg Sandra Bakke, teymisstjóri hjá Umhverfisstofnun, um grænar áherslur í opinberum rekstri, Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri og formaður umhverfisráðs Fiskistofu, fjallaði um vegferðina að grænu skrefunum fimm og Brynjólfur Sigurðsson, lögfræðingur hjá Ríkiskaupum, um græn innkaup. Fundurinn var vel sóttur og afar fróðlegur.

#### 4. Skrifstofa félagsins og vefsíða

Félagið leigir skrifstofu með aðgangi að fundarsal í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík. Framkvæmdastjóri félagsins er Anna Hermannsdóttir og er hún í hálfu starfi.

Félagið heldur úti vefsíðu, [www.ffr.is](http://www.ffr.is), þar sem finna má almennar upplýsingar um starfsemi félagsins. Uppfærsla og endurhönnun á vefnum er nú á lokametrunum og má búast við að ný vefsíða fari í loftið fljótlega.

#### 5. Lokaorð

Nokkur áskorun er fólgin í því að virkja félagsmenn til þátttöku í félagsstarfinu en eftirköst Covid virðast enn hafa áhrif á þátttöku í félagsstarfinu. Maður er manns gaman og leggur núverandi stjórn áherslu á mikilvægi þess að efla kynni og auka tengsl meðal félagsmanna með því t.d. að bjóða upp á fjölbreytta fræðslu og viðburði með reglubundnum hætti. Fráfarandi stjórn bindur traust

sitt við að svo verði áfram og félagsmenn sjái sér hag í því að taka þátt í félagsstarfinu. Fjárhagur félagsins er góður eins og ársreikningur sýnir, en verkefni eru ærin og mun sjóður félagsins án efa koma að góðum notum í þeim framtíðarverkefnum sem liggja fyrir hjá félaginu.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru forstöðumenn sem allir eru reiðubúnir til að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Sigríður Kristinsdóttir, starfandi formaður